

2. Gangandi fólki er heimilt að fara um svæðið enda sé snyrtilega gengið um og varast að skerða gróður eða raska jarðmyndunum.
3. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Ráðið felur náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu að hafa eftirlit með hinu friðlýsta svæði.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um fólkvang á Reykjanesi.

Að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórna Kópavogs, Seltiarnarness, Hafnarfjarðar, Keflavíkur og Grindavíkur, hreppsnefnda Garðahrepps, Njarðvíkurhrepps og Selvogshrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að stofna **fólkvang** á Reykjaneseskaga skv. 26. gr. laga nr. 47/1971.

Takmörk svæðisins eru sem hér segir:

Lína dregin frá punkti í Heiðmerkurgirðingu undir Vífilsstaðahlíð (X-hnit 689007.0 m.) í punkt á mörkum Garðahrepps og Hafnarfjarðar við Kershelli. Þaðan eftir þeim mörkum inn fyrir sumarbústaðahverfi í Sléttuhlíð á hæð er Klifsholt heitir, þaðan beint í Steinshús sem er glöggæt og gamalt eyktamark. Frá Steinshúsi liggur línan beint í norðurhorn Skógræktargirðingarinnar undir Undirhlíðum. Síðan eftir norðvesturhlíð girðingarinnar að suðurhorni hennar. Þaðan beint í punkt á mörkum Hafnarfjarðar- og Grindavíkurbæjar undir Markrakargili með X-hnit 692297.0 m. Síðan eftir mörkum í Markhelluhól. Frá Markhelluhól stefna mörkin til suðurs eftir mörkum Vatnsleysustrandarhrepps og Grindavíkurhrepps eins og bau eru sýnd á korti, gefnu út af U. S. Army Corps of Engineers og Landmælingum Íslands (mælikv. 1:50000), í punkt á þeim mörkum sem er suður af Höskuldarvöllum o gaustur af Oddafelli, X-hnit 701782.0 m og Y-hnit 388243.0 m. Þaðan beina línu undir Núpshlíðarháls í punkt vestan við Núpshlíð, X-hnit 707653.0 m, Y-hnit 379312.0 m. Frá þeim punkti beint í Dágon sem er klettur á Seltöngum við sjó fram vestan við Krísuvíkurborg. Að austanverðu fylgja mörkin sýslumörkum úr Seljabót um Sýslustein og þangað norður sem markalína fólkvangsins í Bláfjöllum sker sýslumörk, þaðan norðvestur eftir mörkum þess fólkvangs í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól og síðan réttisælis eftir Heiðmerkurgirðingunni að upphafspunkti lýsingar þessarar.

Um fólkvanginn gilda eftirtaldar reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatns-

ból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktar-girðingu skulu einungis vera stigar.

2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Undanskilin er hagnýting jarðhita, t. d. í Krísuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð þar eðli-legrí nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krísuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/1971.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra að með stofnun fólkvangsins telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því sem fólkvangurinn tekur til.

Vafi er talinn leika á hver séu mörk Grindavíkurkaupstaðar og Vatnsleysu-strandarhrepps. Þegar úr þessum vafa hefur verið skorið með samkomulagi eða dómi verða mörk fólkvangsins færð til í samræmi við það.

Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um fólkvang í Hrótey í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að lýsa Hrótey í Blöndu **fólkvang** samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Um fólkvanginn gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er frjáls og heimil umferð um eyna enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska bergmyndunum á svæðinu. Ætlast er til góðrar umgengni í hvívetna af þeim sem eyna heimsækja.
2. Umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um fólkvanginn er bönnuð. Meðferð skotvopna er einnig bönnuð nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi hreppsnefndar Blönduósshrepps.
3. Allt jarðrask og mannvirkjagerð í fólkvanginum er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.
4. Bannað er að beita búpeningi í Hrótey. Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Blönduóshrepps í samráði við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.